

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

Ársskýrsla 2013

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Félagsmenn eru 91 talsins. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Þjóðskrá Íslands)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Fjóla Jónsdóttir, meðstjórnandi (TM Software)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, meðstjórnandi (Advania)
- Valur Þórarinsson, meðstjórnandi (Wise)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Störf faghópsins á árinu

Skipulagður var einn hádegisfundur á árinu. Hann bar yfirskriftina „Er það svo flókið að bæta opinbera þjónustu?“ Þar var meðal annars bent á einfaldar leiðir til að gera betur, leiðir sem sumar hverjar kosta ekki mikið. Leiðarljós ráðstefnunnar var: Hugsum stórt, byrjum smátt, þróum hratt!

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu. Á stjórnarfundum í maí 2013 var ákveðið að vera ekki með haustfund vegna mikils framboðs á ráðstefnum um efni sem skarast við markmið faghópsins.

Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar stjórn Ský og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 26. febrúar 2014

Halla Björg Baldursdóttir